

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla umdæmisritara

3. Umdæmisstjórnarfundur, haldinn laugardaginn 16 apríl 2011 í Kiwanishúsi Engjateigi 11, Reykjavík.

Miðað við febrúarlok sem samantektin mín nær yfir voru Kiwanisfélagar í Umdæminu 938 í 35 klúbbum. Á sama tíma fyrir ári síðan kom fram í skýrslu minni að félagar voru 892, raunfjöldgun á þessu eina ári eru því 46 félagar. Góða fréttir berast af fjöldgun þessa dagana því vitað er um að 15 félagar hafi gerst félagar undanfarið. Þessu megu við svo sannarlega fagna og til gamans má geta þess að Kiwanis nýliðamerkin seldust upp hjá Kiwanislagnum.

Á þessu tímabili hafa mér borist 163 skýrslur frá 34 klúbbum, 12 skýrslur vantar á tímabilinu. Svæðisstjórar hafa verið afar hjálplegir við að ýta á eftir þeim skýrslum sem hefur vantað en sumir ritara standa þó ekki í skilum. Eftirtekt vekur að Eysturoy í Færeyjum hefur ekki skilað neinni skýrslu í vetur.

Á skýrslunum sést að nánast allir klúbbarnir í umdæminu eru að vinna mikið og öflugt starf. Á þessum fimm mánuðum hafa Kiwanisfélagar unnið í samtals 13.283 klst. og hafa þeir safnað í styrkarsjóði sína um 24 milljónir. Til líknarmála hafa klúbbarnir gefið tæplega 12 milljónir.

Meðaltalsmætingin hjá þeim klúbbum sem hafa skilað mér skýrslum er um 74 % sem verður að teljast mjög góð, eflaust ætti mætingarprósentan að vera hærri því lítið er um að mætingarviðurkenningar á skýrslunum þrátt fyrir heimsóknir á milli klúbba og annað sem gæti gefið rétt á mætingarviðurkenningu.

Nokkrir ritara senda mér alltaf með skýrslunni smá pistil um það sem er að gerast hjá klúbbunum og er alltaf gaman að fá að vita aðeins meira um klúbbinn en það sem fram kemur á skýrslunum.

Á skýrslunum sést að það er gaman í Kiwanis, því Kiwanisfélagar eru duglegir við að skipuleggja skemmtanir, svo sem gellukvöld, þorablót, góugleði og heimsækja fyrirtæki svo eitthvað sé nefnd.

Flestir klúbbar halda tvo stjórnarfundum í mánuði, þeir eru með fjölbreytta fundi, fá til sín skemmtilega og fræðandi fyrirlesara, þess á milli ræða þeir Kiwanismál.

Í stuttu máli þá er klúbbastarfið í umdæminu í góðum málum og það er gaman að vera í Kiwanis.